

Ársskýrsla Náttúrustofu Reykjaness 2002

Náttúrustofa Reykjaness er rekin skv. Lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1992 nr. 60, og er í eign sveitarfélaganna Grindavíkur og Sandgerðis. Stofan er staðsett að Garðvegi 1, Sandgerði og deilir þar húsnæði með Fræðasetri og Botndýrastöðinni BIOICE en sú stofnun er rekin í samvinnu Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Núverandi forstöðumaður var ráðinn í hlutastarf þann 15. apríl en byrjaði í fullu starfi 1. september. Stofan starfaði því ekki að fullum afköstum árið 2002 en miklar væntingar eru gerðar til ársins 2003.



Húsnæði Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði

Verkefni ársins 2002

Segja má að árið 2002 hafi fyrst og fremst farið í að finna og þróa verkefni stofunnar. Verulegur tími fór í að ræða við hugsanlega samstarfsaðila og aðila sem tengjast náttúruvísindum á Íslandi. Mikil vinna fór í umsóknir um rannsóknarstyrki en ekki fékkst úthlutað í þetta sinn. Ástæðulaust er samt að leggja árar í bát því verkefni fengu ágæta umfjöllun og möguleikar eru á fjármögnun annarstaðar.

Skráning heimilda

Gríðarlega mikilvægt er að finna og halda utan um þær heimildir sem til eru um náttúrufar Reykjanesskagans. Bæði er þetta mikilvægt til að hægt sé að fylgjast með breytingum á náttúrufari og einnig til að koma í veg fyrir tvíverknað. Keypt var forrit til að skrá heimildir og hefur skráningarvinna hafist. Þetta er samfellt langtímaverkefni sem ekki er búist við að ljúki á fyrirfram ákveðnum tíma.

Samtök Náttúrustofa

Þann 16 maí var stofnfundur samtaka náttúrustofa (SNS) haldinn í Reykjavík og er NR stofnfélagi. Töluverð vinna fór í undirbúning þessara samtaka, einkum hvað varðar stefnumótun.



Sandvíkurvatn

Samningur

Gerður var samningur um rekstur stofunnar á milli ríkis og sveitarfélaganna Grindavíkur og Sandgerðis. Gerður var svipaður samningur fyrir allar stofur landsins og kom stofan að samningsgerðinni í gegnum SNS. Ásamt samningnum var skrifuð greinargerð um starfsemi og rekstrargrundvöll náttúrustofa.

Kleifarvatn

Kleifarvatn hefur verið töluvert til umræðu síðan Suðurlandsskjálftinn reið yfir þann 17. júní 2000, er vatnsborðið tók að lækka allverulega. Við skoðun heimilda kom í ljós að þessar vatnsborðssveiflur eru ekki alveg nýjar af nálinni en eru kannski þeim mun áhugaverðari. Athygli vakti að engin athugun á lífríki vatnsins hefur farið fram síðan á fimmta áratug nýliðinnar aldar og vekur það furðu að svo stórt vatn í námunda við helsta þéttbýli landsins hafi verið jafn lítið kannað og raun ber vitni. Hafinn var undirbúningur lífríkisrannsókna á vatninu í samstarfi við Náttúrustofu Kópavogs. Þá kom í ljós að samtökin Gróður fyrir Fólk í Landnámi Ingólfs hafa uppi hugmyndir um uppgræðslu og endurheimt landgæða á svæðinu og var tekið upp samstarf við samtökin hvað varðar fjármögnun rannsóknarverkefnis.



Úr Krísuvík

Kynning fyrir bæjarfulltrúum

Þann 28. nóvember 2002 var haldinn var fundur með bæjarfulltrúum Sandgerðis og Grindavíkur í húsakynnum stofunnar, þar sem hlutverk og verkefni stofunnar var kynnt. Heppnaðist fundurinn í alla staði mjög vel og er full ástæða til að halda slíka kynningu reglulega eða á eins til tveggja ára fresti.

Heimasíða

Undirbúningur að heimasíðu stofunnar hófst á árinu og var lénið *nr.is* skráð sem eign stofunnar. Í byrjun árs 2003 var svo Þórarinn Leifsson á *total.com* fenginn til að útlitshanna síðuna. Síðan er öllum opin en er enn í vinnslu og líklega má segja að verkefni af þessu tagi hafi ekki ákveðin endi.

Styrkumsóknir

Sótt var um 1.500 þús. kr til Vísindasjóðs Rannís fyrir verkefnið *Áhrif stærðar á kynval og gæði foreldra hjá hrognkelsum*. Meðumsækjendur voru Halldór P. Halldórsson, Líffræðistofnun og Dr Francis C. Neat, Marine Lab, Aberdeen, Skotland. Verkefnið miðar að því að skilja áhrif stærðar á atferli og getur þannig aðstoðað okkur við að skilja hvað gerist þegar stærstu einstaklingarnir eru teknir úr stofni eins og gerist gjarnan við veiðar. Verkefnið fékk ágæta umfjöllun en var hafnað. Áhrif veiða á stofna er mjög mikilvægt atriði þegar kemur að fiskveiðistjórnun og miðað við umræðu á opinberum vettvangi ætti að verða mögulegt að bæta þessa umsókn og sækja aftur eða reyna á öðrum stöðum. Reynt verður að safna upplýsingum sem ættu að nýtast í nýja umsókn vorið 2003. Ef vel tekst til þá er rík ástæða til að skoða aðrar tegundir í samvinnu við erlendar stofnanir og þá sækja um styrk til Evrópusambandsins.

Sótt var um 8.235 þús. kr til Tæknisjóðs Rannís fyrir verkefnið *Át þorsks; dægurbundnar sveiflur og sjálffóðrunartækni*. Meðumsækjendur voru Dr. Björn Björnsson og Matthías Oddgeirsson, Hafrannsóknastofnun, Hólmgæir Guðmundsson, Vaki – DNG og Dr. Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Verkefnið varðar nýja tækni við fóðrun þorsks í eldi og miðar að bættri nýtingu fóðurs. Hugmyndin að baki verkefninu þótti góð en styrkveitingu var hafnað. Reynt verður að vinna hluta verkefnisins á kostnað umsækjanda og mun Vaki – DNG bera mestan hluta þess kostnaðar.

Stofan var aðili, sem gestgjafastofnun að umsókn Dr. Francis C. Neat til Natural and Environmental Research Council í Bretlandi um verkefnið *Body size, reproductive output and reproductive strategies in fishes: integrating behavioural ecology with fisheries and marine conservation*. Umsóknin var dregin til baka vegna persónulegra ástæðna en hugmyndirnar eru enn ræddar og nú með hugsanlega umsókn til Evrópubandalagsins í huga.



Reykjanesviti

Framtíðarverkefni og verkefni ársins 2003

Sem fyrr segir fór mikill tími til að undirbúa og þróa verkefni stofunnar. Margt af þeirri þróunarvinnu er að skila sér og annað þarf að vinna frekar. Meðal verkefna stofunnar á árinu 2003 má nefna,

Stofan er þáttakandi í rannsóknarverkefni, styrktu af Evrópusambandinu sem nefnist **CODTRACE**. Verkefnið snýst um rekjanleika þorsks og þróun aðferðir til að finna út uppruna þorsks. Þetta getur orðið ákaflega mikilvægt ef teknar verða ákvarðanir um að friða ákveðin hafsvæði fyrir þorskveiðum. Þá verður mikilvægt að á fiskmörkuðum að geta sýnt að fiskurinn sem er verið að bjóða upp komi ekki af þessum friðuðu svæðum. Mikil uppbygging rannsóknaraðstöðu var nauðsynleg til að stofan gæti tekið að sér þetta verkefni en sú aðstaða mun nýtast stofunni vel við verkefni framtíðar.

Eldfjallagarður er hugmynd ættuð frá Ara Trausta Guðmundssyni jareðlisfræðingi og snýst um kynningu á þeirri eldvirkni er setur svip sinn á landslag Reykjanessskagans. Stofan hefur hafið viðræður við Ara Trausta og Hitaveitu Suðurnesja um verkefnið en ljóst er að þetta gæti orðið lyftistöng fyrir ferðamennsku á svæðinu auk þess að vera einstök kynning á náttúru landsins.

Eigendur stofunnar hafa einnig rætt möguleg verkefni. Sandgerðisbær hefur falið stofunni að gera úttekt á **Sandgerðistjörnum** og gera tillögur um nýtingu tjarnanna með tilliti til útivistar. Grindavík hefur óskað eftir samstarfi við stofunna um **Staðardagskrá 21**. Segja má að þessi tvö síðasttöldu verkefni eru ákaflega mikilvæg fyrir stofuna því nauðsynleg er að eigandur stofunar geti nýtt sér þjónustu hennar, þannig myndast fordæmi fyrir aðra og þannig getur stofan vaxið.



Junkaragerði og Snæfellsjökull

Starfsfólk

Núverandi forstöðumaður Sveinn Kári Valdimarsson var ráðinn í 25% starf þann 15. apríl 2002 en hóf fullt starf frá og með 1. september sama ár.

Linda Björk Holm hóf einnig störf í byrjun september árið 2002 í 30% hlutastarfi. Hennar verkefni hafa verið almenn ritarastörf ásamt heimildaskráningu og uppsetningu heimasíðu.